

Hrönn Jónsdóttir

From: Davíð Sigurðsson <david@utu.is>
Sent: miðvikudagur, 14. desember 2022 09:38
To: Haraldur Þór Jónsson
Subject: FW: Stöng byggingaframkvæmdir
Attachments: Stöng_teikningar.pdf

Categories: Blue Category; GoPro: Skjalað undir 202003-0004 - Stöng skipulag - Í vinnslu (mál)

Sæll

Ég afgreiddi endurnýjun á byggingaframkvæmdum á Stöng á síðasta fundi. Spurning hvort þú þurfir að kynna þetta eitthvað á fundi hjá þér. Hér að neðan eru punktar frá Regínu hjá forsætisráðuneytinu.

Þessar framkvæmdir eru í samræmi við deiliskipulagið sem samþykkt var 2021,

Deiliskipulag:

<http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=08637534844073464920>
<http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=08637534847197814255>

Með kveðju,
Davíð Sigurðsson
Byggingarfulltrúi

From: Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>
Sent: miðvikudagur, 14. desember 2022 09:10
To: Davíð Sigurðsson <david@utu.is>
Cc: Kristín Huld Sigurðardóttir <kristinhuld@minjastofnun.is>
Subject: RE: Stöng

Góðan dag.

Vísað er til erindis Minjastofnunar frá 29. nóvember sl., þar sem óskað er eftir endurnýjun á leyfi ráðuneytisins fyrir framkvæmdum við Þjóðveldisbæinn, Stöng í Þjórsárdal.


Minjastofnun óskaði upphaflega eftir leyfi ráðuneytisins fyrir framkvæmdunum við Stöng hinn 15. júní 2020. Ekkert varð úr framkvæmdum þá og byggingarleyfi ekki gefið út.

Minjastofnun óskar því að nýju eftir endurnýjun á leyfi, fyrir lagfæringum og framkvæmdum við Stöng. Ráðgert er að lagfæra og stækka skýli yfir minjum, til þess að verja þær fyrir skemmdum. Einnig þarf að grafa í kringum og innan í rústum bæjarins. Um er að ræða sömu teikningar og í erindi Minjastofnunar frá árinu 2020, fyrir utan eina breytingu á efnisvali (galvaníserað stál í stað kortensstáls). Hinn 29. júní 2020 gerði ráðuneytið engar athugasemdir við að farið væri í umræddar framkvæmdir við Stöng.

Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við að umræddar framkvæmdir til að verja og varðveita minjar við Stöng fari fram. Hvorki verður talið að slíkt viðhald sé háð leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar á grundvelli 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998, né samþykki ráðuneytisins. Hins vegar skal bent á að viðameiri uppbygging en sú sem lýst er í erindi Minjastofnunar, og eftir atvikum gjaldtaka fyrir aðgang að svæðinu, kann að vera háð leyfi sveitarfélags og eftir atvikum samþykki ráðuneytisins.

Haft var samráð við samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 58/1998 við afgreiðslu erindisins.

Virðingarfyllst, Regína Sigurðardóttir

**Regína Sigurðardóttir, sérfræðingur / Specialist**

Forsætisráðuneyti / Prime Minister's Office


Skrifstofa stjórnskipunar og stjórnsýslu / Department of Constitutional and Administrative Affairs

Stjórnarráðshúsinu, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8400

www.stjornarradid.is / www.government.is - Fyrirvari/Disclaimer

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður /
Please consider the environment before printing

**Frá:** Davíð Sigurðsson <david@utu.is>**Sent:** miðvikudagur, 7. desember 2022 11:59**Til:** Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>**Afrit:** Kristín Huld Sigurðardóttir <kristinhuld@minjastofnun.is>**Efni:** RE: Stöng

Sæl Regína

Þessar framkvæmdir eru í samræmi við deiliskipulagið sem samþykkt var 2021, þannig að ég geri ekki athugasemd við endurnýjun á þessa samþykkt

Deiliskipulag:

<http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=08637534844073464920><http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=08637534847197814255>*Með kveðju,**Davíð Sigurðsson*

Byggingarfulltrúi

Umhverfis og Tæknisvið Uppsveita

Dalbraut 12, 840 Laugarvatni

Sími: 4805550,

Netfang: david@utu.isVefsíða: www.utu.isKortasjá www.map.is/sudurlandÞú sérð afgreiðslur erinda þinna í [pósthólfinu þínu á island.is](http://postholfinu.binu.island.is) (mínar síður)[Náðu þér í island.is – appið](http://Nadu.pér.island.is)**From:** Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>**Sent:** miðvikudagur, 7. desember 2022 08:56**To:** Davíð Sigurðsson <david@utu.is>**Cc:** Kristín Huld Sigurðardóttir <kristinhuld@minjastofnun.is>**Subject:** RE: Stöng

Sæll Davíð.

Ég er búin að liggja heima með flensu alla þessa og viku og er enn ekki orðin góð.

Skoða þetta í næstu viku þegar ég er orðin betri.